

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 24. ágúst kl. 13:00 var haldinn 293. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Hellisheiðarvirkjun og í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerð SF 292 samþykkt og undirrituð.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins, lagði fram og kynnti hálfársuppgjör Orkuveitu samstæðunnar, ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur, forstöðumanni reikningshalds og Davíð Arnari Einarssyni, endurskoðanda. Umræður. Uppgjörið samþykkt samhljóða.

Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

*Það vekur athygli að launakostnaður hækkar um 15% frá síðasta ári.
Þetta er langt umfram verðlagsþróun.*

Lögð fram áhættuskýrsla dags. 31.07.2020

Ingvar Stefánsson og Ásgeir Westergren greindu frá áhrifum hugsanlegrar lokunar ÍSAL í Straumsvík á íslenskan raforkumarkað.

Ingvar gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar OR. Hann og Elín Smáradóttir gerðu einnig grein fyrir niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í máli Glitnis Holdco gegn Orkuveitu Reykjavíkur.

Jakob S. Friðriksson, verkefnastjóri kom inn á fundinn kl. 14:20 og greindi frá stöðu svokallaðs snjallmælaverkefnis.

Klukkan 14:21 yfirgaf Eyþór Laxdal Arnalds fundinn en Björn Gíslason kom á fundinn í hans stað.

3. Klukkan 14:30 mættu til fundarins Grettir Adolf Haraldsson, verkefnisstjóri, Bragi Þór Bjarnason og Árni J. Árnason og kynntu rekstraráætlun, Sögu og tæknisýningar í Elliðaárdal og forsendur hennar.

Atli Bollason og Eva Huld Friðriksdóttir hönnuðir kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir við húsakost á Torfu í Elliðaárdal. Lögð fram svohljóðandi tillaga um kostnaðaráætlun:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að bjóða út framkvæmdaáfangna 2.2 að sögu- og tæknisýningu í Elliðaárdal á grundvelli kostnaðaráætlunar hönnuða verkefnisins. Áfangi 2.2 felur í sér endurbætur og breytingar á húsunum á torfunni (smiðju, fjósi, hlöðu, skemmu, gömlu rafstöðinni, stöðvarstjórahúsinu) auk nýbyggingar úr gleri sem tengir saman smiðju og hlöðu. Undir áfangann falla enn fremur framkvæmdir sem snerta gufuborinn Dofra og hlífðarskýli yfir höggborinn svonefnda. Stjórn felur forstjóra jafnframt að ganga til samninga við verktaka um að ráðast í framkvæmd verksins svo fremi að hagstæðasta tilboð sem berst uppfylli

gæðakröfur hönnuða og sé ekki hærra en sem nemur kostnaðaráætlun hönnuða að viðbættum 20% vikið. Auk þess samþykkir stjórn 4,7 milljón króna fjárveitingu til verkefnisins vegna gerðar kynningarefnis.

Umræður. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Grettir Adolf Haraldsson gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu um að hætta raforkuframleiðslu í Elliðaárstöð, sem lögð er fram til kynningar. Tillögunni fylgir greinargerð.

[Tillaga tekin út vegna trúnaðar].

Umræður. Málinu frestað til frekari umfjöllunar stjórnar. Stjórn felur forstjóra að leita eftir afstöðu þeirra stofnana sem að málinu koma.

5. Grettir greindi frá stöðu mála varðandi undirbúning endurbyggingar Vesturhúss.
6. Lögð fram til upplýsinga, drög að samningi Orkuveitu Reykjavíkur og Carbfix um framsal hugverka.
7. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 20. ágúst s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 20. ágúst s.l. Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri mætti til fundarins kl 16:00 og gerði grein fyrir stöðu umhverfismælikvarða. Umræður.
8. Elín Smáradóttir gerði grein fyrir stöðu ON og GR gagnvart upplýsingalögum og mögulegum undanþágum. Til upplýsingar.
9. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 20. ágúst 2020, um starfseminu á milli stjórnarfundar. Greindi frá umsögnum um drög að kerfisáætlun Landsnets.
10. Önnur mál.
 - Starfskjarnanefnd: Stjórnarformaður lagði fram tillögu um að Eyþór Laxdal Arnalds taki sæti Hildar Björnsdóttur í starfskjaranefnd. Samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:40

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 28. september 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Björn Gíslaon,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 22. júní kl. 13:00 var haldinn 292. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Stöðvarstjórahúsinu í Elliðaárdal og um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Guðjón Viðar Guðjónsson, í fjarveru Valgarðs Lyngdal og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sátu fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri og Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 291 samþykkt og undirrituð.

Klukkan 13:05 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Áhættuskýrsla, dags. 29. maí 2020 lögð fram. Rekstaryfirlit janúar-maí 2020 kynnt.

Ingvar lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn samþykkir að útreikningi á veltufjárhlutfalli við mat á arðgreiðsluskilyrðum verði breytt þannig að skammtímahluti innbyggðrar afleiðu verði undanskilinn.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Klukkan 13:30 mættu Gísli B. Björnsson og Einar Ólafsson til fundarins og kynntu ásamt Ingvari Stefánssyni, álagspróf og viðbragðsáætlun varðandi hugsanlegt brotthvarf stórra viðskiptavina. Umræður.

2. Klukkan 14:10 mættu Anna Margrét Jóhannesdóttir og Hallur Símonarson frá innri endurskoðun til fundarins. Þau kynntu endurskoðunaráætlun og skýrslu um 2. varnarlínu OR. Umræður.
3. Klukkan 14:35 mættu Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna og Hafliði Jón Sigurðsson, forstöðumaður hitaveitu til fundarins og kynntu ásamt Gísla B. Björnssyni, lykilverkefnið: „Góð og örugg þjónusta. Næg geta hitaveitu“. Umræður.
4. Elín Smáradóttir og Guðrún Erla Jónsdóttir kynntu rýni umhverfisstefnu OR í fjarveru Hólmsfríðar Sigurðardóttur, umhverfisstjóra. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða.
5. Guðrún Erla Jónsdóttir kynnti stöðu stefnuverkefna og lagði fram minnisblað, dags. 22. júní 2020. Umræður.
6. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 16. júní s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 19. júní s.l. Umræður.
7. Lögð fram og rædd samantekt á mati stjórnarmanna á störfum stjórnar, sem stjórnarmenn unnu á milli funda.
8. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 18. júní 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
9. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:15.


Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 24. ágúst 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Hildur Björnsdóttir, ~~Katrín Atladóttir~~, ~~Eyþór Laxdal Arnalds~~
Guðjón Viðar Guðjónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.



Halldóra L. Þorvaldsdóttir

mér sýnt: Valgerður L. Þorvaldsdóttir





Sögu- og tæknisýning Elliðaárdal

Rekstraráætlun útg.1



Forsendur

- Hönnunarbók
- Fjárfestingaáætlun og áætlaður endingartími eininga
 - Endingartími 5-50 ár
- Rekstur kaffihúss ekki á vegum OR
 - Samkeppnisrekstur
 - Leiga tengd framlegð kaffihúss
 - Litlar tekjur fyrstu árin meðan verið er að byggja upp svæðið




Framkvæmdir

Verkþáttur	Kostn.rmat	Hönnun	Samtals Frk.t.	Q3 2020	Q4 2020	Q1 2021	Q2 2021
Rafstöð	15	3	18	0	6	6	6
Stöðvarstjórahús	58	12	70	0	23	23	23
Miðstöð	232	46	278	0	93	93	93
Torg	66	13	79	40	40		
Dofri & höggbor	43	9	51	17	17	17	
Merkingar	38	8	45	23	23		
Vatnsleikjagarður	72	14	86	29	29	29	
Skrúðgarður	12	2	14	5	5	5	
Götur og stígar	24	5	29	10	10	10	
Samtals	558	112	670	122	244	182	122
				Samtals 2020	366 Samtals 2021		304



Fjárfestingar

- Eru að miklu leiti í viðhaldi og ásýnd sem munu nýtast óháð sýningarhaldi
 - Hluti af fjárfestingu er vegna uppsafnaðs viðhalds (fjárförf)
- Uppbygging á Miðstöð er 41,5% af heildarfjárfestingum verkefnisins
 - Forsenda fyrir gestakomum og aukinni nýtingu svæðisins
 - Aðstaða meðal annars fyrir kaffihús, skrifstofur fyrir Stangveiðifélagið



Rekstrarkostnaður

- Starfsmannakostnaður
 - Forstöðumaður frá 1.1.2021 – 18 m.kr. á ári
 - Kynningarstjóri í 50% starfi frá 1.5.2021 – 7,2 m.kr. á ári
 - Viðburðarstjóri í 50% starfi frá 1.5.2021 – 7,2 m.kr. á ári
 - Umsjónarmaður fasteigna frá 1.5.2021 -10,8 m.kr. á ári
 - Garðyrkjufræðingur frá 1.5.2021 – 5,4 m.kr. á ári
 - Skólafólk að sumri – 8 m.kr ári
- Almennt viðhald 3% af framkvæmdakostnaði á ári
 - 1% í kaffihúsi
 - 9% í vatnsleikjagarði – skipta um dælur og viðhald á vatnleikjamön
- Orkunotkun og snjómokstur
- Undirbúningskostnaður (heimasíða ofl.) - 10 m.kr (að hluta eignfærður)
- Kynningarkostnaður – árlegur 10 m.kr



Kaffihús

- Fenginn sjálfstæður rekstraraðili
 - Í fullbúið hús – útboð á rekstri húss, dýrari kostur
 - Langtímaleiga á óinnréttaðri aðstöðu
- Þrjár leiðir varðandi leiguverðu
 - Leiga per fermeter (3.000 kr. Per m²)
 - Veltutengt /framlegð – 8% af framlegð
 - Sambland
- Ekki gert ráð fyrir tekjum fyrr en í fyrsta lagi 2022
- Áætlun um fjölda gesta á ári
- Tekjur af hverjum gest
- Kostnaðarverð – hlutfall af tekjum (80%)



Sviðsmyndir

- 0%
- 15% hækkun kostnaðar
- 35% hækkun kostnaðar

Niðurstaða - grunnsviðsmynd

í m.kr	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Framkvæmdakostnaður													
Rafstöð	6	12	0	0	0	0	0	0	0	0	6	12	0
Stöðvarstjórahús	29	41	0	0	0	0	34	0	0	0	0	52	0
Miðstöð	93	186	0	0	0	0	0	0	28	0	0	0	0
Torg	40	40	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6
Dofri	31	20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Merkingar	14	31	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vatnsleikjagarður	50	36	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	21
Skrúðgarður	7	7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Götur og stígar	18	11	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	0
Undirbúningskostnaður		6											
Samtals	287	389	0	0	0	0	34	0	31	0	6	64	28
Uppsöfnuð fjárfesting	287	676	676	676	676	676	710	710	741	741	747	811	839
Rekstrarkostnaður													
Rafstöð	0	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Stöðvarstjórahús	0	0	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Miðstöð	0	0	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Torg	0	1	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Dofri	0	0	1	2	0	1	2	0	1	2	0	11	2
Merkingar	0	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Vatnsleikjagarður	0	6	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11
Skrúðgarður	0	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Götur og stígar	0	2	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Sameiginlegur kostnaður	0	47	58	58	58	58	58	58	58	58	58	58	58
Undirbúningskostnaður	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kynningarmál	0	10	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7
Viðhald nú þegar í rekstri	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5
Samtals	-3	62	86	88	86	87	88	86	87	88	86	97	88
Uppafnaður rekstur	-3	59	145	233	319	406	494	580	667	755	841	938	1.026
Tekjur													
Kaffihús - leigutekjur	0	0	-5	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7
Fjárstreymi	-284	-451	-81	-81	-79	-80	-115	-79	-111	-81	-85	-154	-109
Uppsafnað fjárstreymi	-284	-735	-816	-897	-976	-1.057	-1.171	-1.251	-1.361	-1.442	-1.528	-1.682	-1.790

Niðurstaða – kostnaður 15% hæri

í m.kr	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Framkvæmdakostnaður													
Rafstöð	7	14	0	0	0	0	0	0	0	0	7	14	0
Stöðvarstjórastofa	33	47	0	0	0	0	39	0	0	0	0	60	0
Miðstöð	107	213	0	0	0	0	0	0	32	0	0	0	0
Torg	46	46	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7
Dofri	35	23	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Merkingar	16	36	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vatnsleikjagarður	58	41	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	25
Skrúðgarður	8	8	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Götur og stígar	21	12	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	0
Undirbúningskostnaður		6											
Samtals	330	447	0	0	0	0	39	0	35	0	7	74	32
Uppsöfnuð fjárfesting	330	777	777	777	777	777	816	816	851	851	858	932	964
Rekstrarkostnaður													
Rafstöð	0	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Stöðvarstjórastofa	0	0	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Miðstöð	0	0	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Torg	0	1	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Dofri	0	0	1	2	0	1	2	0	1	2	0	13	2
Merkingar	0	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Vatnsleikjagarður	0	6	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13
Skrúðgarður	0	0	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Götur og stígar	0	2	3	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Sameiginlegur kostnaður	0	54	67	67	67	67	67	67	67	67	67	67	67
Undirbúningskostnaður	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kynningarmál	0	10	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7
Víðhald nú þegar í rekstri	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5
Samtals	-3	70	99	101	99	100	101	99	100	101	99	111	101
Uppafnaður rekstur	-3	67	166	267	366	466	566	665	765	865	964	1.075	1.176
Tekjur													
Kaffihús - leigutekjur	0	0	-5	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7
Fjárstreymi	-327	-517	-94	-94	-92	-93	-133	-92	-128	-94	-99	-178	-126
Uppsafnað fjárstreymi	-327	-844	-938	-1.031	-1.123	-1.216	-1.349	-1.441	-1.569	-1.663	-1.762	-1.940	-2.065

Niðurstaða - kostnaður 35% hærri


í m.kr	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Framkvæmdakostnaður													
Rafstöð	8	16	0	0	0	0	0	0	0	0	8	16	0
Stöðvarstjóraráhús	39	55	0	0	0	0	46	0	0	0	0	70	0
Miðstöð	125	251	0	0	0	0	0	0	38	0	0	0	0
Torg	53	53	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9
Dofri	41	28	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Merkingar	19	42	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vatnsleikjagarður	68	48	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	29
Skrúðgarður	9	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Götur og stígar	24	14	0	0	0	0	0	0	4	0	0	0	0
Undirbúningskostnaður		6											
Samtals	387	523	0	0	0	0	46	0	41	0	8	87	38
Uppsöfnuð fjárfesting	387	911	911	911	911	911	957	957	998	998	1.006	1.093	1.130
Rekstrarkostnaður													
Rafstöð	0	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Stöðvarstjóraráhús	0	0	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Miðstöð	0	0	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Torg	0	1	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Dofri	0	0	1	2	0	1	2	0	1	2	0	15	2
Merkingar	0	0	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Vatnsleikjagarður	0	8	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15
Skrúðgarður	0	0	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Götur og stígar	0	2	4	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Sameiginlegur kostnaður	0	64	78	78	78	78	78	78	78	78	78	78	78
Undirbúningskostnaður	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kynningarmál	0	10	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7
Viðhald nú þegar í rekstri	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5	-5
Samtals	-3	81	116	118	116	117	118	116	117	118	116	130	118
Uppafnaður rekstur	-3	78	194	312	428	544	662	778	894	1.012	1.128	1.258	1.376
Tekjur													
Kaffihús - leigutekjur	0	0	-5	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7
Fjárfstreymi	-384	-605	-111	-111	-109	-110	-157	-109	-151	-111	-117	-210	-148
Uppsafnað fjárfstreymi	-384	-989	-1.100	-1.211	-1.319	-1.429	-1.586	-1.695	-1.846	-1.957	-2.074	-2.283	-2.432



Ávinningur

- Gera starfsemi OR sýnilega
- Segja frá þætti OR í þróun borgarsamfélagsins
- Auka vísindapekkingu meðal barna
- Nýta betur húsakost OR
- Bæta aðbúnað í Elliðaárdal

Elliðaárstöð
Framkvæmdaáfangi 2.2
Byggingar og jarðborar



Elliðaárstöð – Grófáætlaður heildarkostnaður

Áfangi 1 - Útisýning í Elliðaárdal

Skilti	Hönnun, umsjón og eftirlit	53 m kr.
Borholur - útikennsla		
Skógrækt - innsetningar	Framkvæmdakostnaður	50 m kr.
Laxateljari - samfélagsmiðlar		
	Samtals	103 m kr. án vsk.



Samþykkt af stjórn 25. nóvember 2019

Áfangi 2.1 - Útisvæði Elliðaárstöð

Inngangur	Hönnun, umsjón og eftirlit	70 m kr.
Veitutorgið		
Tengivirki - tún	Framkvæmdakostnaður	306 m kr.
Vatnsleikjasvæði		
Skrúðgarður	Samtals	376 m kr. án vsk.



Samþykkt af stjórn 27. janúar 2020



Samþykkt af stjórn 23. mars 2020

Áfangi 2.2 - Byggingar og jarðborar Elliðaárstöð

Kaffihús	Hönnun, umsjón og eftirlit	50 m kr.
Skemman		
Gamla rafstöðin		
Stöðvarstjórahus	Framkvæmdakostnaður	250 m kr.
Dofri - umgjörð		
Höggbor - skýli	Samtals	300 m kr. án vsk.



Samþykkt af stjórn 27. apríl 2020



Til samþykktar í dag 24. ágúst 2020

Afmæli rafstöðvarinnar 2021

Samtals ca.

780 m kr. án vsk.

Niðurstöður útboðs - Framkvæmdaáfangi 2.1

Kostnaðaráætlun hönnuða	235 m kr.	100%
Áætlun m/ vikmörkum	306 m kr.	130%
Hellur og lagnir ehf.	202 m kr.	86%
Alma verk ehf.	228 m kr.	97%
Framkvæmdafélagið Arnarhvoll ehf.	258 m kr.	110%
Gleiðnir verktakar ehf.	219 m kr.	93%



Ellidaárstöð – Kynningarefni


- Framkvæmdir hefjast brátt á Rafstöðvarreit.
- Það kallar á merkingar á vinnusvæði, vefsíðu o.fl.
- Mörkunarvinna hefur staðið yfir með samskiptasviði og stýrihópi.
- Kallað eftir 4,7 m kr. viðbótarfjárheimild til að framleiða markaðsefni.

Áætlaður kostnaður við gerð markaðsefnis


Teikningar	600.000
Ljósmyndun	700.000
Módel	250.000
Hönnun og hugmyndavinna	1.500.000
Textagerð	350.000
Forritun/frágangur vefsíðu	1.200.000
Hýsing o.s.frv.	100.000
-	
Samtals	4.700.000 kr. án vsk

Skissur að kynningarefni






SUÐURHLIÐ 1:100




NORÐURHLIÐ 1:100




GRUNNMYND 1. HÆÐAR

1:100







AFSTÖÐUMYND 1:500



GRUNNMYND 1. HÆÐAR 1:100



SNIÐ 1:100



GRUNNMYND KJALLARA 1:100



NORÐURHLIÐ - FYRIR BREYTINGU

1:100



NORÐURHLIÐ - EFTIR BREYTINGU

1:100




VESTURHLIÐ - FYRIR BREYTINGU

1:100




VESTURHLIÐ - EFTIR BREYTINGU

1:100




Elliðaárstöð – Kaffihús og móttaka




GRUNNMYND RISHÆÐAR 1:100

- LR vélræn loftræsting
- NF niðurfall
- R reyfskynjari
- HST handslökkvitæki




GRUNNMYND 1.HÆÐAR 1:100


Elliðarárstöð – Kaffihús og móttaka




ÁSÝND SUÐUR - FYRIR BREYTINGU 1:100




ÁSÝND SUÐUR - EFTIR BREYTINGU 1:100




ÁSÝND NORÐUR - FYRIR BREYTINGU 1:100




ÁSÝND NORÐUR - EFTIR BREYTINGU 1:100




ÁSÝND VESTUR 1:100



ÁSÝND AUSTUR 1:100




ÁSÝND SKEMMU VESTUR 1:100




ÁSÝND SKEMMU AUSTUR 1:100


Elliðarárstöð – Kaffihús og móttaka




SKURÐUR A-A 1:100




SKURÐUR B-B 1:100




SKURÐUR C-C 1:100




SKURÐUR D-D 1:100




SKURÐUR E-E 1:100









SKÝLI HÖGGBOR -GRUNNMYND



SKÝLI HÖGGBOR FRAMHLIÐ



SKÝLI HÖGGBOR HLIÐ



Áfangi 2.2 - Áætlaður framkvæmdakostnaður

Undirbúningur, öryggisaðgerðir, o.fl.	5
Stöðvarstjórahús	15
Fjós-smiðja	27
Hlaða	33
Gróðurhús	10
Höggbor - skáli	27
Dofri	5
Skemman	13
Gamla rafstöðin	8
Búnaður í tæknirými	5
Innréttingar, húsgögn, búnaður	45
Sýning	15
Óvissa (20%)	42
Samtals	250 m kr. án vsk.

Til hvers er Elliðaárstöð?

- Gera starfsemi OR (sem er allajafna dulin í veggjum og undir götum) sýnilega.
- Bæta þekkingu á iðnsögunni og þætti OR í framfarasögu borgarinnar og íslensks samfélags.
- Auka vísindapekkingu og aðstöðu til vísindakennslu.
- Betri nýting á húsakosti OR.
- Umbylta aðbúnaði í Elliðaárdal.
- Ný og spennandi ásýnd fyrir svæðið.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. SF 293

Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri

Dagsetning: 20. ágúst 2020

Efni: Umhverfismál fyrir stjórn OR 24. ágúst 2020. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“

Heiti mælikvarða	2017				2018				2019				2020			
	1F	2F	3F	4F	1F	2F	3F	4F	1F	2F	3F	4F	1F	2F	3F	4F
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt														*		
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi CarbFix í gildi og uppfyllt																
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*2F: Varmamenqun í lindum við Þingvallavatn v. Nesjavallavirkjunar, rennsli á yfirfall, lofthreinsistöð ekki á fullum afköstum í sex vikur og athugasemd við olíusmitun í Grámel

Opinber leyfi ON, Veitna og CarbFix í gildi og uppfyllt

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakílsárvirkjun. Tilraunaveiðar hafa gengið vel í Andakílsá í sumar. Veiðst höfðu 175 laxar í júlílok sem er góð veiði miðað við ár í nágrenninu. Bakkavarnir eru hafnar í Andakílsá í landi Efri Hrepps. 18. ágúst var farin vettvangsferð með Hafrannsóknastofnun og erlendum sérfræðingi í endurheimt búsvæða í ám. Verkefnið er unnið í samstarfi við Veiðifélag Andakílsár og landeigendur í Efri Hreppi.

Tilkynningar til leyfisveitenda.

- Lofthreinsistöðin við Hellisheiðarvirkjun var stöðvuð 16. júní til 24. júlí vegna bilunar.

Skógrækt og landgræðsla

- Landgræðsluhópur ON gróðursetti í sumar 6000 birkitré í 4 ha af landi í nágrenni Nesjavallavirkjunar. Skógræktarsvæði ON binda um 1400 tonn af CO₂ á ári.
- Landgræðsla og umbætur gengu vel í sumar. Íslensku grasfræi var sáð í rofin svæði við Hellisheiðarvirkjun og áhersla lögð á fegrun umhverfis við stöðvarhúsið.

Samskipti við hagsmunaaðila

- Fundur með samráðshópi landeigenda við Skorradalsvatn og Andakílsá og með hagsmunaaðilum jarðgufuvirkjana í september nk.

Staða auðlinda. Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar OR um forðagæslu.

VEITUR:

Fráveita.

- 2. ágúst fór óhreinsað skólp í sjó um neyðaryfirfall við Faxaskjól í þrjár klst. og í 15 mín. þann 11. ágúst. Tilkynnt til leyfisveitenda.

Vatnsveita.

- 25. júlí uppgötvaðist olíubrúk á um 200 m vegarkafli frá Rauðhólum að Suðurlandsvegi. Veitur hreinsuðu olíumengaða mól upp en ekki er vitað hvað olli lekanum.

Hitaveita.

- 12. júlí kom upp leki á safnæð við Bjargsvog í Mosfellsbæ. Vatnshiti í læk við bilunarstað fór í 18°C. Tilkynnt til leyfisveitenda.
- Starfsfólk stóð frábærlega að undirbúningi og framkvæmd heitavatnsskipta sem m.a. tryggðu það að heitt vatn lak ekki í Elliðaánnar enda sérstakur viðbúnaður þar.

Rafveita.

- Komið hefur í ljós að um 4 kg af SF₆ gasi hefur smám saman lekið af rofa í aðveitustöð 7 í Hnoðraholti undanfarin fjögur ár. SF₆ er sterk gróðurhúsalofttegund og samsvara 4 kg um 90 kg af CO₂ ígildum. Sérfræðingur á vegum Siemens munaðstoða við lagfæringar. Tilkynnt til Umhverfisstofnunar.

Staða auðlinda. Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar OR um forðagæslu.

CARBFIX:

- Sjá nánar um lofthreinsistöð í „Tilkynningar til leyfisveitenda“ að ofan og „Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl.“ að neðan.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Styrkur brennisteinsvetnis hefur verið undir viðmiðunarmörkum það sem af er ári.

Loftslagsmál

- Tillaga að breytingu á umhverfis- og auðlindastefnu OR, einkum vegna heimsmarkmiðs Sameinuðu þjóðanna nr.13 um aðgerðir í loftslagsmálum, var lögð fyrir stjórn GR, ON og Veitna í ágúst. Tillaga að umhverfis- og auðlindastefnu Carbfix var samþykkt í stjórn félagsins í ágúst.

- **Carbon Disclosure Project (CDP).** Unnið er að því að setja í fyrsta skipti inn upplýsingar um loftslagsmál OR samstæðu í spurningalista á vegum CDP. CDP eru alþjóðleg matssamtök sem mæla árangur borga, ríkja og fyrirtækja í umhverfis- og loftslagsmálum. Reykjavíkurborg hefur skilað upplýsingum til CDP frá árinu 2016. Árið 2019 fékk borgin fullt skor stiga, sjá frétt <https://reykjavik.is/frettir/reykjavik-faer-haestu-einkunn-sem-leidandi-borg-i-loftslagsmalum>. Frestur OR til að skila inn upplýsingum er til 26. ágúst nk.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl.

- Veitur sendu umsögn um Kerfisáætlun 31. júlí sl. þar sem áhersla var lögð á vatnsvernd.
- Samstæða OR vinnur að umsögn um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Umsagnafrestur er 20. sept. nk.

Mat á umhverfisáhrifum.

- Veitur sendu 14. júlí sl. athugasemdir til Landsnets vegna draga að tillögu að matsáætlun á Lyklafellslínu 1 sem mun liggja um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Í athugasemdunum var lögð áhersla á mikilvægi vatnsverndar, rannsókna á vatnsgrunni svæðisins, umfjöllun um valkosti á staðsetningu línunnar, umfjöllun um áhættu fyrir vatnsverndarsvæðið og samráð við vatnsveitur og heilbrigðiseftirlit.
- Skipulagsstofnun tók ákvörðun 8. júlí sl. um að kolsýrurframleiðsla við Hellisheiðarvirkjun sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisvakning. Námskeið verður haldið 19. ágúst nk. fyrir verktaka á vegum Veitna og verður hluti af almennu öryggisnámskeiði.

Ábendingar og kvartanir vegna umhverfismála frá áramótum.

Tilkynningar til leyfisveitenda:

Líkur á að styrkur brennisteinsvetnis fari yfir mörk og viðhaldsstopp í lofthreinsistöð (ON)	2
Losun jarðhitavatns á yfirfall við Hellisheiðarvirkjun og Hverahlíð (ON)	2
Losun á heitu vatni út í umhverfið (Veitur)	2
Losun á skólpi í sjó um yfirföll í fráveitu og um neyðarútrásir (Veitur)	9
Lón (Veitur og ON)	2
Leki á einangrunarmiðlinum og gróðurhúsalofttegundinni SF ₆ (Veitur)	1
Blástur á borholum (ON)	1
Alls	19

Ábendingar frá viðskiptavinum:

Brennisteinsvetni (ON)	1
Umgengni (Samstæða OR)	8
Andakílsárvirkjun (ON)	2
Alls	11

Ábendingar frá starfsfólki:

Umgengni, veggjakrot, sláttur, aðstaða	8
Varasöm efni	9
Alls	17

Hættuleg hegðun og umhverfisskaði á og við verndarsvæði og önnur viðkvæm svæði

Útafakstur án olíumengunar	3
Útafakstur með olíumengun	1
Olíu- og glussaleki af tækjum	2
Akstur utan vega og rask	1
Alls	7

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri

Sendandi: Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar

Dagsetning: 20.8.2020

Vatnsveita

Rannsóknarborholur á Akranesi

Búið er að senda inn umsókn til Orkustofnunar um rannsóknarleyfi vegna rannsóknarborana í landi Bekanstaða og Hvítaness í norðanverðu Akrafjalli. Ef boruninn heppnast er vonast til þess að auka afhendingaröryggi til Akranes til muna en hætta er á vatnsskortri við ákveðnar veðuraðstæður ef fiskvinnsla í sveitarfélaginu er mikil. Verkefnið er hluti af viðspyrnuverkefna Veitna.

Álagspróf á Vatnsendakrika

Álagsprófi í Vatnsendakrika lauk upp úr miðjum júlí og gekk vel. Eitt af markmiðum verkefnisins var að sjá hvaða áhrif aukinn vinnsla í myndi hafa á önnur sveitarfélög ef færa þyrfti alla vatnsvinnslu þangað í kjölfar mengunarslys í Heiðmörk. Verkefnið var unnið í nánun og góðu samstarfi við vatnsveituna í Hafnarfirði og Kópavogi. Álagsprófið hafði ekki afgerandi áhrif á vinnslu nágrannasveitarfélaganna en vinna þarf betur úr gögnum í vetur.

Hitaveita

Sumarhvíld lághitasvæða - Höfuðborgarsvæðið

Sumarhvíld lághitasvæða lýkur 20. ágúst þegar nokkrum hverfum verður skipt á lághitavatn aftur. Verkefnið hefur gengið mjög vel og áhugavert verður að fylgjast með hvernig svæðin bregðast við þegar vinnsla hefst aftur. Vatnsborð hefur hækkað töluvert á lághitasvæðunum við sumarhvíldina og var staðan þann 7. ágúst eftirfarandi:

- Laugarnessvæðið - Vatnsborð komið í hæstu stöðu síðan 1985.
- Reykir/Reykjahlíð - Vatnsborð komið í hæstu stöðu síðan 2010.
- Elliðaárvæði - Vatnsborð komið í hæstu stöðu síðan um 1970.

Þessi vatnsborðshækkun mun hafa mjög góð áhrif á aflgetu lághitasvæðanna í vetur þar sem aflgeta fellur með lækkandi vatnsborði.

Holuf framkvæmdir í Reykjavík til að auka afköst lághitasvæða

Verið er að undirbúa að setja djúpdælu í eina af vinnsluholum hitaveitunnar á Laugarnessvæðinu til að auka afkastagetu hennar úr 50 l/s í ca 90 l/s. Þetta er mikilvægt skref í að auka afkastagetu lághitasvæða og þar með auka rekstraröryggi hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Verið er að byggja upp borplan fyrir verkið og er áætlað að borinn verði settur upp í lok ágúst. Þá er áætlað að borinn verði sex vikur á staðnum, en aðrar framkvæmdir standa yfir fram að áramótum.

Undirbúningur er varðar hagaðila og almenning hefur staðið yfir í þó nokkurn tíma og lögð verður áhersla í almenntri upplýsingagjöf að vekja jákvæða umfjöllun um hitaveituna og mikilvægi hennar.

Háhati

Borun á Nesjavöllum

Borun NJ-32 sem hófst á Nesjavöllum í lok maí er lokið. Holan er 2398 m djúp og vel heit.